

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. A laganna:

- a. Í stað orðsins „tollí“ í 2. másl. kemur: verð- og/eða magntolli.
- b. Við bætast þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hvernar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlandri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlandri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

2. gr.

Viðauki IVB við lögin ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðauki IVB

Vörulýsing	Vöruliðir í tollskrá	Heildartollkvótar í tonnum
Lifandi eða afskorin blóm og plöntur	0601 0602 0603 0604	500
<i>Nýjar eða kældar garð- og gróðurhúsavörur</i>		
Kartöflur	0701 0710	4000
Tómatar	0702	500
Laukur	0703	1500
Kál	0704	1100
Salat	0705	1000
Gulrætur, næpur, rófur og aðrar rætur	0706	500
Gúrkur	0707	200
Ertur og belgaldin	0708	100
Aðrar matjurtir	0709	800

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.